



# Kennslustofan og nemandinn – KON2A05

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari: Hildur Margrét Einarsdóttir

Netfang: hildur.einarsdottir@borgo.is

## Lýsing:

Í áfanganum kynnist nemandinn helstu áskorunum og álitaefnum sem kennarar og starfsfólk skóla standa frammi fyrir í kennslustofunni. Fjallað er um skóla án aðgreiningar og grunnþætti menntunar eins og þeir eru settir fram í Aðalnámskrá grunnskóla. Þá er sjónum beint að fjölgreindarkenningu Gardners og vinnuþöllum Vygotsky ásamt markmiðasetningu og kennsluáætlunum. Lögð er áhersla á mikilvægi einstaklingsmiðunar og gerð einstaklingsnámskrár í örvandi kennsluumhverfi.

Skoðaðar eru aðferðir við lestrarkennslu, eflingu lesskilnings og orðaforða ásamt því að kynna aðferðir til kennslu nemenda með dyslexíu og annarra námserfiðleika.

Fjallað er um uppeldishlutverk skóla og jákvæðan aga.

*Fjallað er um mikilvægi þess að starfa í teymi og í góðu samstarfi við heimili ásamt því að skoða sérstaklega skyldur starfsmanna skóla.*

## Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á Aðalnámskrá grunnskóla, uppeldishlutverki skóla ásamt hlutverki og ábyrgð starfsmanna skóla.

Nemandi skal hafa þekkingu og hæfni til þess að miða til viðeigandi aðila upplýsingum um námsframvindu, hegðun og ástundun nemenda skóla ásamt því að hafa á valdi sínu aðferðir til að styrkja námsframvindu, hegðun og ástundun nemenda.

*Nemandinn skal hafa góða þekkingu á mikilvægi lesturs, eflingar orðaforða og lesskilnings nemenda ásamt því að hafa á valdi sínu aðferðir til að efla orðaforða og lesskilning ásamt því að greina hættumerki í lestri nemenda*

**Námsmat:**

Þátttaka og virkni – 25 %  
 Fimm verkefni (10% hvert) – 50 %  
 Hópverkefni í lotu II – 5 %  
 Lokaverkefni – 20 %

**Námsgögn:**

Efni frá kennara.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Námsáætlun kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur.

Nemendur þurfa að standast alla matsþætti.

**Mikil áhersla er lögð á mætingar og ástundun**

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst	<b>Lota I</b> Kynning á skipulagi áfanga og námsmati. Skóli án aðgreiningar	Lota I
2	26.-30. ágúst	Skóli án aðgreiningar	Umræður
3	2.-6. sept.	Aðalnámskrá grunnskóla: Grunnþættir menntunarv - Umræður	Verkefni 1
4	9.-13.sept.	Fjölgreindakenning Gardners	Umræður
5	16.-20.sept	Vinnupallar Vygotsky	Umræður
6	23.-27. sept.	Markmiðasetning og kennsluáætlanir - Umræður	Verkefni 2
7	30.sept.- 4. okt.	Einstaklingsmiðun og einstaklingsnámskrá	Umræður
8	7.-11. okt.	Námserfiðleikar	Umræður
9	14.-18. okt.	Dyslexía <b>Lota II</b> Örvandi kennsluumhverfi	Lota II Hópverkefni í lotu II
10	21.-23. okt.	Lestur, lesskilingur og orðaforði - Umræður	Verkefni 3
11	29. okt.-1. nóv.	Bráðgerir nemendur	Umræður
12	4.-8. nóv.	Að greina hættumerki - Umræður	Verkefn 4
13	11.-15. nóv.	Uppeldishlutverk skóla	Umræður
14	18.-22. nóv.	Skyldur starfsmanna skóla - Umræður	Verkefni 5
15	25.-29. nóv	Jákvæður agi, framkoma og virðing. <b>Lota III</b>	Lota III
16	2.-6. des.	Faglegt samstarf, að vinna í teymi. Samstarf heimilis og skóla	Umræður
17	9.-12. des	Úrvinnsla og einkunnagjöf	Einkunnagjöf

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.